Fastanr.: 211-8336 og 211-8337.*Gerðarþoli (-ar):* Magnús Jóhann Vilhjálmsson.*Gerðarbeiðandi (-beiðendur):* Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og Jón Hermannsson.*Fjárhæðir krafna í kr.:* 590.772.

20060812078)

Heiti eignar: Stekkjahvammur 8,

Dalabyggð.

Fastanr.: 222-3556.*Gerðarþoli (-ar):* Guðjón B. Guðmundsson og Guðrún Jóna Gunnarsdóttir.*Gerðarbeiðandi (-beiðendur):* Íbúðalánasjóður.*Fjárhæðir krafna í kr.:* 7.490.871.

20060812079)

Sýslumaðurinn í Búðardal,

4. ágúst 2006.

Áslaug Þórarinsdóttir.

(20060812075)

Útgáfud.: 10. ágúst 2006

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:

Sigurður Nordal,
kt. 190256-4569,
Tjarnargötu 33, Keflavík

Skiptafundur:

25. ágúst 2006,
kl. 10.00

Hafnarfirði, 31. júlí 2006.

Guðmundur Kristjánsson hrl.

(20060811559)

Útgáfud.: 11. ágúst 2006

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands uppkveðnum 9. mars 2005 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 21. júlí 2006.

Skiptum lauk á ofangreindum tíma samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, þar sem nægjanlegar eignir fundust ekki í búinu til greiðslu skiptakostnaðar en lýst krafa féll niður við endurálagningu opinberra gjalda félagsins og eina krafan sem eftir stendur er krafa um greiðslu skiptakostnaðar.

Nafn bús:

F17 ehf., fjárfestingarfélag,
kt. 620671-0889,
Víkurbraut 4, Hornafirði

Lýstar kröfur:

Eingöngu krafa um greiðslu
skiptakostnaðar

Hornafirði, 26. júlí 2006.

Sigríður Kristinsdóttir hdl.

(20060812052)

Útgáfud.: 11. ágúst 2006

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 24. apríl 2006 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 27. júlí 2006 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Birtir ehf.,
kt. 660400-2650,
Laufásvegi 3, Stykkishólmi

Lýstar kröfur:

Almennar kröfur kr.
1.744.541 Eftirstæðar kröfur
kr. 5.600

Borgarnesi, 27. júlí 2006.

Ingi Tryggvason hdl.

(20060812090)

Útgáfud.: 11. ágúst 2006

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 25. maí 2005 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 31. júlí 2006 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að

greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Svandís Ásta Jónsdóttir,
kt. 010772-3389,
Hverfisgata 102a

Lýstar kröfur:

kr. 16.158.663

Reykjavík, 31. júlí 2006.

Bjarni Eiríksson hdl.

(20060812091)

Útgáfud.: 11. ágúst 2006

Auglýsing um skipulag - Hveragerði

Gróðurmörk 4 og 6, tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 2005-2017.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 2005-2017, samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin felst í því að landnotkun á lóðunum nr. 4 og 6 við Gróðurmörk verða íbúðir í stað blandaðrar landnotkunar, íbúðir og landbúnaður. Einnig er lagt til að þéttleiki byggðar innan svæðisins verði 43 íbúðir í stað 10 íbúða. Reiturinn mun eftir breytingu fá heitið „Smyrlaheiði 1-10“ í stað „Gróðurmörk 4 og 6“. Svæðið afmarkast mót norðri af Arnarheiði og Valsheiði, mót austri af Birkimörk, mót suðri af Gróðurmörk og mót vestri af Smyrlaheiði 11-19.

Tillaga að deiliskipulagi Smyrlaheiðar 1-10.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar auglýsir hér með einnig tillögu að deiliskipulagi ofangreinds svæðis; Smyrlaheiðar 1-10, Hveragerði, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan er í samræmi við ofangreinda breytingartillögu á aðalskipulagi Hveragerðis. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði byggðar 43 einnar hæðar raðhúsaíbúðir fyrir eldri borgara auk tveggja hæða sameignarhúss og bílakjallara.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofunum að Sunnumörk 2, frá og með mánudeginum 14. ágúst 2006 til þriðjudagsins 12. september 2006. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út þriðjudaginn 26. september 2006. Skila skal skriflegum athugasemdum á bæjarskrifstofur Hveragerðisbæjar, Sunnumörk 2, 810 Hveragerði.

Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest, telst samþykktur henni.

Hveragerði, 8. ágúst 2006.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Hveragerðisbæjar.

(20060812080)

Útgáfud.: 10. ágúst 2006

Stefna - f. h. Glitnis banka hf.

Glitnir banki hf.,

kt. 550500-3530,

Kirkjusandi 2, Reykjavík,

gjörir kunnugt: Að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi

Reykjavík, á hendur Mariu Bjarklind, kt. 250471-2899, með óþekkt heimilisfang í Svíþjóð.

Dómkröfur: eru þær að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð samtals kr. 63.653 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 21. desember 2005 til greiðsludags.

Þá er og krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. sömu laga. Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk virðisaukaskatts af honum.

Málflutningsumboð: Þórir Örn Árnason hdl. rekur mál þetta fyrir stefnanda.

Málavextir og málsástæður: Þann 17. október 2000 stofnaði Maria Bjarklind tékkareikning ásamt debetkorti nr. 002899 við útibú stefnanda að Þverholti í Mosfellsbæ. Þann 21. desember 2005 námu innistæðulausar færslur á reikningnum kr. 63.653. Var reikningnum þá lokað.

Tilraunir til innheimtu skuldarinnar hafa reynst árangurslausar er því málssókn þessi nauðsynleg. Hagstofa Íslands er ekki með neinar upplýsingar um heimilisfang stefndu í Svíþjóð og er því nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Tilvísun til helstu lagaákvæða: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga.

Dráttarvaxtakrafa byggist á III. kafla laga nr. 38/2001. Um varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Málskostnaðarkrafa styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni, en skv. 10. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 er stefnandi ekki virðisaukaskattskyldur. Því ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Um birtingu stefnu í Lögbirtingablaði vísast til 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Úrdrátt úr skrám Reiknistofu bankanna.
4. Umsókn um tékkareikning ásamt debetkorti.
5. Tölvupóst frá þjóðskrá þann 24. maí 2006.
6. Lögbirtingablað.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Mariu Bjarklind til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 5. október 2006 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útvistardómur gangi í málinu. Stefnuþingur er einn mánuður.

Reykjavík, 7. júní 2006.
F. h. Glitnis banka hf.,
Þórir Örn Árnason hdl.

(20060811563)

Útgáfud.: 10. ágúst 2006

Stefna - f. h. Glitnis banka hf.

**Glitnir banki hf.,
kt. 550500-3530,**

Kirkjusandi 2, Reykjavík,

gjörir kunnugt: Að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Þorsteini Stephensen, kt. 210567-2919, með óþekkt heimilisfang á Spáni.

Dómkröfur: Eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð samtals kr. 461.842 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu 38/2001 af kr. 337.605 frá 2. desember 2005 til 3. janúar 2006, af kr. 450.902 frá þeim degi til 2. febrúar 2006, af kr. 453.637 frá þeim degi til 2. mars 2006, af kr. 456.372 frá þeim degi til 3. apríl 2006, af kr. 459.107 frá þeim degi til 2. maí 2006, af kr. 461.842 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er og krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. sömu laga. Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk virðisaukaskatts af honum.

Málflutningsumboð: Þórir Örn Árnason hdl. rekur mál þetta fyrir stefnanda.

Málavextir og málsástæður: Skuldin er skv. framlögðum reikningum og er tilkomin vegna notkunar stefnda á Vísa greiðslukorti nr. 4539-8300-0006-4362 við útibú stefnanda að Lækjargötu 12, Reykjavík.

Nánar tiltekið er um að ræða skuld skv. framlögðum reikningum stefnanda:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð kr.
1.	17.11.2005	02.12.2005	337.605
2.	17.12.2005	03.01.2006	113.297
3.	17.01.2006	02.02.2006	2.735
4.	17.02.2006	02.03.2006	2.735
5.	17.03.2006	03.04.2006	2.735
6.	17.04.2006	02.05.2006	2.735

Hagstofa Íslands er ekki með neinar upplýsingar um heimilisfang stefnda á Spáni og er því nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Aðrar innheimtutilraunir hafa reynst árangurslausar og er því málssókn þessi nauðsynleg.

Tilvísun til helstu lagaákvæða: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga.

Dráttarvaxtakrafa byggist á III. kafla laga nr. 38/2001. Um varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Málskostnaðarkrafa styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni, en skv. 10. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 er stefnandi ekki virðisaukaskattskyldur. Því ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Um birtingu stefnu í Lögbirtingablaði vísast til 89. gr. laga nr. 91/1991. um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.

2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Tölvupóst frá þjóðskrá, dags. 26. maí 2006.
4. Lögbirtingablað.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Þorsteini Stephensen til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 5. október 2006 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útvistardómur gangi í málinu. Stefnuþrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 7. júní 2006.
F. h. Glítnis banka hf.,
Þórir Örn Árnason hdl.

(20060811564)

Útgáfud.: 11. ágúst 2006

Stefna - f.h. Sparisjóðs Ólafsvíkur

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Sparisjóður Ólafsvíkur, kt. 610269-4869, Ólafsbraut 19, 355 Ólafsvík.
Stefndi: Stefán Halldórsson, kt. 171079-5199, verustaður óþekktur.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 114.859, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 114.859, frá 31. mars 2006 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati virðulegs dóms. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Stefndi stofnaði kortareikning nr. 5024 hjá stefnanda. Samkvæmt reikningsyfirliti nam skuld á reikningnum hinn 31. mars 2006 þegar reikningnum var lokað samtals kr. 114.859, sem er stefnuþjárhæðin. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt þjóðskrá er lögheimili Óskars að Hverfisgötu 55, 101 Reykjavík, en skv. stefnuvotti hefur húsið verið mannlaust í lengri tíma, því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagatilvísanir: Krafa stefnanda er byggð á því að stefndi hafi brotið gegn skyldu sinni samkvæmt sérstökum samningi við stefnanda og 4. gr. tékkalaga nr. 34/1933 um að hafa ætíð næga innistæðu á reikningi sínum við bankann. Með því að ávís á innistæðulausan reikninginn hefur stefndi bakað stefnanda tjón sem nemur stefnuþjárhæðinni. Stefndi á því kröfu á því að fá skuldina greidda. Bankakostnaðar er krafist í samræmi við gjaldskrá sparisjóða, sem sett er með stoð í lögum nr. 43/1993 og stefndi hefur samþykkt að hlíta. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla

vaxtalaga nr. 38/2001, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi m.a. leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum: Reikningaskrá, umsókn og innheimtubréf.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Vesturlands, á dómþingi sem haldið verður að Borgarbraut 2, Stykkishólmi, þann 13. september 2006, kl. 13.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur hann átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnuþrestur er 30 sólarhringar.

Keflavík, 6. júlí 2006.
F.h. stefnanda,
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

(20060812084)

Útgáfud.: 11. ágúst 2006

Stefna - til sönnunar á faðerni

Karen Ósk Lárusdóttir,
kt. 060685-2669,

Burknavöllum 17a, 220 Hafnarfirði,

gjörir kunnugt: Að hún þurfi fyrir hönd ólöggráða sonar síns Mikla Lárusar Karenarsonar, kt. 290405-2540, Burknavöllum 17 a, 220 Hafnarfirði, að höfða mál gegn Stephen David Carter með óþekkt heimilisfang til viðurkenningar á faðerni barnsins.

Dómkröfur: Stefndi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að Stephen David Carter sé faðir Mikla Lárusar Karenarsonar, kt. 290405-2540.

Auk þess er krafist málskostnaðar, úr hendi ríkissjóðs, samkvæmt gjaldskrá Lögmannsstofu Láru V. Júlíusdóttur hrl., auk lögmaðls virðisaukaskatts skv. lögum nr. 50/1988, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins.

Málflutningsumboð: Láru V. Júlíusdóttir hrl. flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málavextir: Stefndi sem er sonur Karenar Óskar Lárusdóttur, fæddist þann 29. apríl 2005. Lýsti hún stefnda föður barnsins við fæðingu þess.

Á getnaðartíma barnsins, sumarið 2004, var móðir stefnanda með stefnda, sem var þá starfsmaður erlends Tívolís hér á landi. Stefndi fékk fljótlega að vita um getnaðinn, en hann var þá kominn til Englands og hafði greint stefnanda frá því að heimilisfang sitt væri 30 Keith St., Barrow in Furness, Cumbria, England.

Stefndi hefur ekki fengist til að viðurkenna faðernið, þrátt fyrir að sýslumaðurinn í Hafnarfirði hafi nokkrum sinnum

sent honum formleg erindi þess efnis og því er málshöfðun þessi nauðsynleg. Stefnandi hefur í tvígang reynt að birta stefnda stefnu þessa á þessu heimilisfangi með aðstoð utanríkisráðuneytisins, en stefnubirting hefur ekki tekist. Þann 7. júní 2006 ritaði breska pósthjónustan á ábyrgðarbréf með stefnu: „No such name at this address“, sem þýðir að enginn með þessu nafni sé með þetta heimilisfang. Í bréfi sendiráðs Íslands í London frá 28. júní 2006 kemur fram að engin þjóðskrá sé til í Bretlandi. Oft sé ógjörningur að birta stefnu fyrir einstaklingi í Bretlandi, þar sem hvorki liggur fyrir heimilisfang né unnt sé að hafa upp á heimilisfangi viðkomandi. Er því, með vísan til 89. gr einkamálalaga nr. 91/1991, nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Málsástæður og lagarök: Stefnandi byggir kröfur sínar á meginreglum barnaréttarins um að barn skuli feðrað og um rétt barns til að þekkja báða foreldra sína. Einkum er vísað til 1. gr. barnalaga nr. 76/2003 um skyldu til að feðra barn, 3. gr. svo og II. kafla laganna um dómsmál til feðrunar barns. Málsaðild er byggð á 10. gr. barnalaga og er málið gjafsóknarmál á grundvelli 11. gr. laganna. Telji dómari nauðsyn bera til þess að fram fari mannfæðingarmál rannsókn á aðilum með vísan til 15. gr. barnalaga er stefnandi og forsjármaður þess fús til þess. Varðandi lögsögu og varnarþing vísar stefnandi til 8. og 9. gr. barnalaga nr. 76/2003, en í 8. gr. segir m.a. að dómsmál um faðerni barns sé hægt að höfða hér á landi ef barn er búsett hér á landi. Þá segir í 9. gr. að faðernismál megi höfða á heimilisvarnarþingi aðila. Heimilisvarnarþing stefnanda er í Hafnarfirði. Kröfu sína um málskostnað úr hendi ríkissjóðs byggir stefnandi á 11. gr. barnalaga. Kröfu um greiðslu virðisaukaskatts á málskostnað byggist á lögum nr. 50/1988.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirfarandi gögn:

1. Fæðingarvottorð.
2. Útrentun úr þjóðskrá.
3. Umboð.
4. Ljósrit af bréfi sendiráðs Íslands í London 28. júní 2006.
5. Umslag sendiráðs Íslands í London með áritun Royal Mail.

Skýrslutökur fyrir dómi: Óskað er eftir að móðir stefnanda gefi skýrslu fyrir dómi. Ennfremur er óskað eftir að stefndi gefi skýrslu fyrir dómi.

Auk þess er áskilinn réttur til að kalla til frekari vitni ef þurfa þykir.

Stefna og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Stephen David Carter, með óþekkt heimilisfang, til að mæta á dómþing héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður í dómsal I í húsnæði dómsins við Fjarðargötu 9, 220 Hafnarfirði, miðvikudaginn 13. september 2006 kl. 9.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Verði ekki mætt við þingfestingu má stefndi búast við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 11. júlí 2006.
Fyrir hönd stefnanda,

Lára V. Júlíusdóttir hrl.

Útgáfud.: 11. ágúst 2006

Stefna - f. h. Landsbanka Íslands hf.

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Landsbanki Íslands hf. 0100, kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík vegna: Landsbanki Íslands hf. 0111, Laugavegi 77, 155 Reykjavík.

Stefndi: Brynjar Elí Gígja, kt. 010982-3759, Tjaldanesi 1, 210 Garðabæ.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ólafur Helgi Arnason hdl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 325.547 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 325.547 frá 31. mars 2006 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. sömu laga er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Þann 8. nóvember 2004 stofnaði stefndi tékkareikning nr. 9777 við útibú stefnanda að Laugavegi 77, Reykjavík.

Þann 31. mars 2006 námu innistæðulausar færslur á reikningnum kr. 325.547. Var reikningnum lokað. Stefnanda var sent innheimtubréf þann 6. apríl 2006. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Ítrekað hefur verið reynt að birta fyrir stefnda á lögheimili hans og dvalarstað en ekki tekist birting og á stefnandi því ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagatílvísanir: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 og 12. gr. sömu laga. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Útrentun úr viðskiptamannaskrá.
2. Umsókn um tékkareikning og debetkort.
3. Innheimtubréf dags. 6. apríl 2006.
4. Birtingarvottorð dags. 8. júní 2006 af stefnuvotti.
5. Útrentun úr þjóðskrá.
6. Útrentun af leitarvef Íslandspósts hf.
7. Lögbirtingablað það er stefna þessi birtist í.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í

héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, þann 13. september 2006, kl. 9.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 20. júní 2006.
F. h. stefnanda,
Ólafur Helgi Árnason hdl.

(20060812560)

Útgáfud.: 11. ágúst 2006

Stefna - f. h. Landsbanka Íslands hf.

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Landsbanki Íslands hf. 0100, kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík vegna: Landsbanki Íslands hf. 0190, Ólafstraubraut 21, 355 Ólafsvík.

Stefndi: Árni Jónsson, kt. 300952-4539, Bretlandi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ólafur Helgi Árnason hdl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 759.995, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 759.995 frá 31. október 2005 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. sömu laga er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Þann 13. ágúst 1999 stofnaði stefndi tékkareikning nr. 265 við útibú stefnanda að Ólafstraubraut 21, Ólafsvík. Þann 31. október 2005 námu innistæðulausar færslur á reikningnum kr. 759.995. Var reikningnum lokað.

Stefnda var sent innheimtubréf þann 17. nóvember 2005. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefndi er skv. þjóðskrá búsettur í Bretlandi en ekki er vitað um heimilisfang hans þar, og á stefnandi því ekki önnur úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagatilvísanir: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 og 12. gr. sömu laga. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Útprentun úr viðskiptamannaskrá.
2. Innheimtubréf dags. 17. nóvember 2005.
3. Tölvupóstur frá Hagstofu Íslands.
4. Lögbirtingablað það er stefna þessi birtist í.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 12. september 2006, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 20. júní 2006.

F. h. stefnanda,

Ólafur Helgi Árnason hdl.

(20060812561)

Útgáfud.: 11. ágúst 2006

Stefna - f. h. Landsbanka Íslands hf.

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Landsbanki Íslands hf. 0100, kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík vegna: Landsbanki Íslands hf. 0168, Hafnarbraut 20, 740 Neskaupstað.

Stefndi: Arnar Örvar Blomsterberg, kt. 141185-2769, óstaðsettur í hús.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ólafur Helgi Árnason hdl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 324.157, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 324.157 frá 31. maí 2006 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. sömu laga er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Þann 16. september 2005 stofnaði stefndi tékkareikning nr. 1411 við útibú stefnanda að Hafnarbraut 20, Neskaupstað. Þann 31. maí 2006 námu innistæðulausar færslur á reikningnum kr. 324.157. Var reikningnum lokað. Þar sem stefndi er óstaðsettur í hús var honum ekki sent innheimtubréf. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefndi er skv. þjóðskrá óstaðsettur í hús, og á stefnandi því ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 og 12. gr. sömu laga. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr.

50/1988. Stefndandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefndandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Útrentun úr viðskiptamannaskrá.
2. Umsókn um tékkareikning og debetkort.
3. Útrentun úr þjóðskrá.
4. Lögbirtingablað það er stefna þessi birtist í.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 12. september 2006, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 20. júní 2006.
F. h. stefnanda,
Ólafur Helgi Árnason hdl.

(20060812562)

Útgáfud.: 11. ágúst 2006

Stefna - f. h. Landsbanka Íslands hf.

Aðilar málsins eru:

Stefndandi: Landsbanki Íslands hf. 0100, kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík vegna: Landsbanki Íslands hf. 0137, Hagatorgi, 155 Reykjavík.

Stefnda: Anna Alexandra Birgisdóttir, kt. 030886-2249, Aðalgötu 10b, 550 Sauðárkróki.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ólafur Helgi Árnason hdl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 244.553, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 286.174 frá 13. desember 2005 til 9. janúar 2006 og af kr. 244.553 frá 9. janúar 2006 til greiðsludags. Inn á skuldina hefur verið greidd innborgun 9. janúar 2006 kr. 41.621, og hefur verið tekið tillit til hennar í stefnufjárhæð. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. sömu laga er leggst við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Þann 8. ágúst 2002 stofnaði stefnda tékkareikning nr. 3886 við útibú stefnanda að Hagatorgi 1, Reykjavík. Þann 13. desember 2005 námu innistæðulausar færslur á reikningnum kr. 286.174. Var reikningnum lokað.

Stefndu var sent innheimtubréf þann 20. desember 2005. Inn á skuldina hefur verið greidd innborgun 9. janúar 2006 kr. 41.621, og hefur verið tekið tillit til hennar í stefnufjárhæð. Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Ítrekað hefur verið reynt að birta fyrir stefndu, en ekki tekist og á stefndandi því ekki önnur úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagatilvísanir: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefndandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 og 12. gr. sömu laga. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefndandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefndandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Útrentun úr viðskiptamannaskrá.
2. Umsókn um tékkareikning og debetkort.
3. Innheimtubréf dags. 20. desember 2005.
4. Birtingarvottorð dags. 23. maí 2006 af stefnuvotti.
5. Lögbirtingablað það er stefna þessi birtist í.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Norðurlands vestra, á dómþingi sem haldið verður að Skagfirðingabraut 21, Sauðárkróki, þann 12. september 2006, kl. 14.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 19. júní 2006.
F. h. stefnanda,
Ólafur Helgi Árnason hdl.

(20060812563)

Lögbirtingablað,

40. tölublað 2006.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins og ábyrgðarmaður.

Eygló Halldórsdóttir.